



Jafnlaunastefna embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi

Lögreglustjórnin á Suðurlandi ábyrgist að jafnlaunakerfi embættisins sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks og er til þess að tryggja að það njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Yfirlöggluþjónn rannsóknardeildar er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess. Staðalinn ÍST 85 er til grundvallar innleiðingu og viðhaldi jafnlaunastefnu.

Með innleiðingunni skuldbindur embættið sig til þess að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og viðhalda.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru hverju sinni.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsfólki niðurstöður launagreiningar.
- Bregðast við frávikum, komi þau fram, með stöðugum umbótum og eftirfylgni.
- Gera innri úttekt og halda rýnifund með yfirstjórn árlega.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Tryggja aðgengi almennings að stefnunni á vefsíðunni www.logreglan.is.